

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

1. desember 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Síðasta vika var í styttri kantinum þar sem veðrið gerði okkur erfitt fyrir en þessi vika fer vel af stað og er stutt í allt jólaamstrið.

Endurskinsmerki

Nú er svartasta skammdegið runnið upp og viljum við því minna á nauðsyn þess að nemendur beri endurskinsmerki til að auka öryggi þeirra í umferðinni.

Helgileikurinn

Sunnudaginn 3. desember kl.14:00 munu nemendur 1. – 7. bekkjar flytja helgileikinn í Hofsósskirkju.

Skólinn skreyttur 4. desember

Hluta af mánudeginum 4. desember munu nemendur skólans skreyta skólastofur sínar og skólann, af því tilefni hvetjum við nemendur til að koma í jólagírnum, þ.e. með jólasveinahúfur og slíkt.

Hlé á sundkennslu 4. desember

Frá og með mánudeginum 4. desember verða allir sundtímar að íþróttatímum inni í Höfðaborg. Sundkennsla hefst að nýju þegar líður að vori og fá foreldrar tilkynningu um það þegar þar að kemur.

Fimmtudagur 7. desember

Dagur íslenskrar tónlistar verður haldinn hátíðlegur fimmtudaginn 7. desember. Að venju mun þjóðin svo syngja saman þrjú lög klukkan 11:05, en þá verður lögunum útvarpað og munum við taka þátt eins og undanfarin ár. Löggin í ár eru "Lítu sérhvert sólarlag", "Ef engill ég væri með vængi" og "Gefðu allt sem þú átt". Við notum tækifærið og syngjum nokkur jólalög í leiðinni.

Jólaról

Við látum hér fylgja nokkrar dagsetningar á jólaundirbúningi hjá okkur.

Aðrar dagsetningar

- Jólavakan 14. desember
- Litlu jólin 19. desember
- Jólafrí 20. desember

Þessum viðburðum verða gerð betri skil síðar.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi